



## Fundargerð

246. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 19. nóvember 2020 kl. 17:00. Fundurinn er Teams fjarfundur.

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Konráðsdóttir varaformaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

### 1. Fjármál Reykjaneshafnar (2020010192)

Hafnarstjóri fór yfir ýmis mál er snerta fjármál Reykjaneshafnar.

### 2. Fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2021 (2020080143)

Hafnarstjóri kynnti stöðu í vinnslu fjárhagsáætlunar Reykjaneshafnar fyrir árið 2021.

### 3. Hafnasamband Íslands (2020021399)

- a. Fundargerð 428. fundar Hafnasambands Íslands frá 13.11.2020. **Lögð fram til kynningar.**
- b. Í samráðsgátt stjórnvalda er til umsagnar frumvarp til breytingu á hafnalögum nr. 61/2003. Hafnasamband Íslands hefur lagt fram umsögn um drögin sem liggja fyrir á fundinum. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar tekur að fullu undir þær athugasemdir og tillögur sem fram koma í umsögn Hafnasambands Íslands um frumvarp til breytingar á hafnalögum nr. 61/2003. Stjórn Reykjaneshafnar hvetur ráðherra samgöngumála til að horfa til þeirrar umsagnar við endanlega útfærslu frumvarpsins. Samþykkt samhljóða.*

### 4. Hafnasambandsþing 2020 (202011308)

Bréf frá Hafnasambandi Íslands dags. 06.11.20 þar sem boðað er til rafræns Hafnasambandsþings þann 27. nóvember n.k. Eftirfarandi er lagt fram: *Reykjaneshöfn á fimm atkvæðabæra fulltrúa á Hafnasambandsþingi 2020. Lagt er til að Hjörtur M. Guðbjartsson, Hanna B. Konráðsdóttir, Sigurður Guðjónsson, Úlfar Guðmundsson og Halldór K. Hermannsson verði atkvæðabærir fulltrúar Reykjaneshafnar á þinginu. Samþykkt samhljóða.*

### 5. Hafnarmannvirki Reykjaneshafnar (2020030194)

Farið var yfir stöðu mála varðandi fyrirhugaða uppbyggingu í Njarðvíkurhöfn.

### 6. Lóðir Reykjaneshafnar (202005255)

- a. **Fitjabraut 5 og 7.** Umhverfis- og skipulagsráð Reykjaneshafnar er með til umfjöllunar umsókn Smáragarðs ehf. um lóðirnar Fitjabraut 5 og Fitjabraut 7 og hefur óskað eftir afstöðu Reykjaneshafnar sem landeiganda til þeirrar úthlutunar. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir fyrir sitt leyti umsókn Smáragarðs ehf. um ofangreindar lóðir enda sé sú úthlutun Reykjaneshöfn að skaðlausu. Samþykkt samhljóða.*
- b. **Hafnabraut 2.** Skipulagsfulltrúa Reykjaneshafnar hefur borist erindi frá eiganda fasteignarinnar Hafnabrautar 2 á hafnarsvæðinu við Njarðvíkurhöfn þar sem hann óskar

eftir stækkun á lóð eignarinnar í samræmi við innsenda teikningu. Skipulagsfulltrúi hefur óskað eftir afstöðu Reykjaneshafnar sem landeiganda við Njarðvíkurhöfn til þeirrar stækkunar. Eftirfarandi var lagt fram: *Ekkert deiliskipulag er til staðar í dag á hafnarsvæði Njarðvíkurhafnar. Stjórn Reykjaneshafnar stefnir á að gera deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í nágrenni framtíð enda liggja þegar fyrir ákveðnar hugmyndir um uppbyggingu á svæðinu sem horfa þarf til. Heimild til framkominnar óskar um stækkun lóðar að Hafnarbraut 2 er því ótímabær að svo stöddu og er þar af leiðandi hafnað. Hafnarstjóra er falið að ræða við eiganda Hafnarbrautar 2 um möguleika á lóðastækkun í framtíðinni. Samþykkt samhljóða.*

**7. Lýðheilsustefna Reykjaneshafnar (2020110309)**

Lýðheilsuráð Reykjaneshafnar hefur lagt fram drög að Lýðheilsustefnu Reykjaneshafnar og óskar umsagnar Reykjaneshafnar varðandi þau drög. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar hefur kynnt sér drög að Lýðheilsustefnu Reykjaneshafnar sem eru til vinnslu hjá Lýðheilsuráði Reykjaneshafnar. Stjórn Reykjaneshafnar fagnar framkomnum drögum og styður samþykkt þeirra. Samþykkt samhljóða.*

**8. Landsskipulagsstefna 2015-2026 (2020110267)**

Til kynningar hjá Skipulagsstofnun er viðauki við Landskipulagsstefnu 2015-2026 og hefur skipulagsfulltrúi Reykjaneshafnar óskað eftir umsögn Reykjaneshafnar varðandi þann viðauka. Eftirfarandi er lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar hefur kynnt sér viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og hefur engar athugasemdir fram að færa. Samþykkt samhljóða.*

**9. Upplýsingagjöf hafnarstjóra (2020010519)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi hafnarinnar.

---

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.45.**